

Mánudaginn 15. febrúar 1971.

N. 134/1968. **Jón Ingibersson**

(Guðjón Steingrímsson hrl.)

gegn

Útvegsbanka Íslands

(Axel Kristjánsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. júlí 1968 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 199.009.44 ásamt 1% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 19. janúar 1967 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjanda hefur ekki tekizt að leiða sönnur að því, að stefndi hafi undirgengizt þær skyldur við hann, að leiða eigi til skaðabótageiðslna úr hendi stefnda til áfrýjanda. Ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. apríl 1968.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. apríl s.l., hefur höfðað Jón Ingibersson, Keflavík, með stefnu, þingfestri 16. nóvember 1967, gegn Útvegsbanka Íslands, Reykjavík, til greiðslu bóta að fjárhæð kr. 316.947.82 auk 1% vaxta fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 19. janúar 1967 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi, sem sótt hefur þing í málinu óstefndur, hefur krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Sáttir hafa verið reyndar með aðiljum, en án árangurs.

II.

Í stefnu og greinargerð hefur stefnandi lýst málavöxtum þannig, að stefnandi hafi falið Friðrik Jörgensen, Reykjavík, að annast sölu á 315 pökkum af skreið til Nígeríu og hafi vörunni verið afskipað í m/s Rangá þann 2. desember 1966.

Þegar skipið hafi verið að leggja af stað frá Keflavík, hafi stefnandi fengið vísbendingu um það, að varhugavert væri að senda vöruna á vegum Friðriks Jörgensens, vegna þess að hann væri kominn í alvarleg fjármálavandræði. Hafi stefnandi þá talið rétt að taka vöruna úr skipinu, þegar það kæmi til Vestmannaeyja.

Á vegum stefnanda hafi starfsmaður Landsbankans, Árni Jónsson, átt tal við Gunnlaug Björnsson, fulltrúa í sjávarútvegslána-deild Útvegsbankans, og spurt hann, hvort ekki væri rétt að stöðva skipið og fjarlægja farminn úr því. Hafi nefndur Gunnlaugur talið, að það væri ekki nauðsynlegt, og hafi jafnframt lofað að gæta þess fjár, sem inn kæmi fyrir vöruna, og að greiða það ekki Friðrik Jörgensen.

Stefnandi hafi treyst loforði Gunnlaugs og hafi látið hjá líða að taka vöruna úr m/s Rangá.

Eftir að varan hafi verið seld og greidd af kaupendum, hafi bankinn greitt andvirði vörunnar beint til Friðriks án þess að skeyta um hagsmuni stefnanda, og þrátt fyrir það, að bankanum væri kunnugt um ýmiss konar misferli Friðriks og vanskil.

Stefnandi málsins, Jón Ingibersson, hefur gefið aðiljaskýrslu hér fyrir dóminum þann 21. febrúar og 11. marz s.l.

Aðiljaskýrsla hans er á þá leið, að Árni Jónsson hafi hringt í sig í því skyni að stöðva útskipunina á skreiðinni í m/s Rangá umrætt sinn. Sagði stefnandi, að þegar Árni Jónsson hafi hringt, hafi þegar verið búið að skipa út farminum í m/s Rangá, svo að ekki hafi orðið úr því, að útskipunin hafi verið stöðvuð.

Í framhaldi af þessu hafi stefnandi og bróðir hans farið í Landsbankann að beiðni Árna, daginn eftir að umrætt símtal hafi átt sér stað. Hafi þá Árni talið möguleika á að stöðva eða kyrrsetja skipið í Vestmannaeyjum. Sagði stefnandi, að þar og þá hafi Árni átt símtal við áðurnefndan Gunnlaug og eftir því

sem Árni hafi tjáð þeim um samtali þetta, þá hafi Árni ekki talið ástæðu til þess að stöðva farm þennan, þar sem andvirði hans mundi skila sér. Sagði stefnandi, að þeir báðir, þ. e. stefnandi sjálfur og bróðir hans, hafi verið inni hjá Árna, meðan samtali þetta hafi átt sér stað.

Stefnandi kvaðst hafa fengið ávísun á andvirði skreiðarfarms þess, sem í máli þessu greinir, í marz 1967 og hafi stefnandi afhent þá ávísun Landsbankanum, en hún reynzt innstæðulaus. Sagði stefnandi, að þegar hann hafi afhent ávísunina Landsbankanum, þá hafi sér skilizt strax á Árna, að ekkert væri inni fyrir ávísun þessari, og hafi Árni tekið mál þetta í sínar hendur fyrir stefnanda, enda hafi hann talið það sterkara að hafa ávísunina undir höndum.

Stefnandi sagði, að enginn skriflegur samningur hafi verið gerður við Friðrik Jørgensen út af útflutningsumboði hans. Sagði stefnandi, að sér hefði verið túlkað það, að ekki væri unnt að taka fé út af hlaupareikningnum, með því að hann væri „bundinn“, og taldi stefnandi, að hér væri tryggilega búið um hnúta. Að öðru leyti sagði stefnandi, að enginn sérstakur samningur hafi legið fyrir nema þá helzt það, að Friðrik hafi lofað að selja vöruna hæsta verði á hverjum tíma.

Sagði stefnandi, að venjan hafi verið sú, að hann hafi fengið tilkynningu frá Landsbankanum um, að andvirði afurðanna væri komið inn á reikning hans hjá Landsbankanum.

Í sambandi við ávísun þá, sem mál þetta fjallar um, hafi Friðrik Jørgensen tjáð stefnanda, að nú væri honum lokaðar allar leiðir til þess að komast að skjölum sínum. Væri bókhald hans undir rannsókn og því sæi hann ekki aðra leið til þess að greiða fyrir skreiðina en með ávísun til stefnanda, stílaða á Útvegsbankann.

Þá hefur komið fyrir dóminn þann 21. febrúar 1968 Óskar Ingibersson, bróðir stefnanda og eigandi útgerðarstöðvarinnar ásamt honum. Lýsti hann málavöxtum í öllum aðalatriðum á sama hátt og stefnandi málsins, Jón Ingibersson.

Stefndi hefur í greinargerð lýst því, að Gunnlaugur Björnsson hafi aldrei lofað að gæta þess fjár, sem inn kæmi fyrir farminn, og að gæta þess að greiða Friðrik Jørgensen það ekki út af reikningi hans né hafi hann á nokkurn annan hátt hindrað kyrrsetningu á skreiðarfarmi í m/s Rangá þann 2. desember 1967.

Þá er svo skýrt frá í greinargerðinni, að Friðrik Jørgensen hafi haft sérstakan hlaupareikning hjá stefnda, „afurðalánareikning“,

sem andvirði seldra afurða hafi verið lagt inn á, og síðan hafi Friðrik Jörgensen greitt viðskiptabanka stefnanda andvirði hinna seldu afurða með tékka á þennan hlaupareikning. Tékkar þessir hafi verið sérstaklega merktir með orðunum „til banka vegna afurðalána“ og hafi stefndi ekki greitt aðra tékka út af reikningi þessum en þá, sem stílaðir hafi verið á banka. Samkvæmt þessari áritun hafi banki sá, sem tékki hafi verið stílaður á, aðeins mátt ráðstafa andvirði tékkans til greiðslu á afurðum.

III.

Hér á eftir verður málavöxtum nokkru nánar lýst. Byggist málavaxtalýsing þessi á framburðum vitnanna Árna Jónssonar, fulltrúa í afurðalánadeild Landsbankans, Gunnlaugs Björnssonar, fulltrúa í sjávarafurðadeild Útvegsbankans, Árna Sigurjónssonar, deildarstjóra í Landsbanka Íslands, og Friðriks Jörgensens, en einnig verður stuðzt við önnur gögn málsins.

Vitnið Árni Jónsson skýrði svo frá, að afurðir þær, sem mál þetta fjallar um, hafi verið veðsettar Landsbankanum.

Kvaðst vitnið hafa fengið fyrirmæli um það frá einum af bankastjórum Landsbankans að koma í veg fyrir, að afurðir, sem væru veðsettar Landsbankanum, væru sendar út á vegum Friðriks Jörgensens. Sagði vitnið, að tilefnið til þessara aðgerða hafi verið það, að bankinn hafi orðið var við það, að greiðslur til framleiðenda hafi dregizt, þrátt fyrir það að greiðslur þessar hafi borizt erlendis frá.

Sagði vitnið, að þessi dráttur hafi orðið til þess, að Friðrik Jörgensen hafi verið aðvaraður.

Vitnið lýsti því, að þegar þetta hafi skeð, hafi verið búið að lesta afurðir í m/s Rangá, eða að minnsta kosti verið að lesta afurðir. Samkvæmt tilmælum stefnanda máls þessa og Óskars bróður hans kvaðst vitnið hafa átt símtal þann 3. desember 1966 við Gunnlaug Björnsson um það, hvort unnt væri að gera eitt-hvað til þess að stöðva skipið. Gunnlaugur hafi hins vegar tjáð vitninu, að hann teldi ekki þörf á neinum sérstökum aðgerðum út af farmi þeim, sem mál þetta fjallar um. Og sagði vitnið, að Gunnlaugur hefði byggt þessa skoðun sína á niðurstöðum sérstakra athugana, sem Útvegsbankinn hefði látið fara fram.

Vitnið kvaðst hafa álitnið þetta svar fullnægjandi og hafi því ákveðið fyrir hönd Landsbankans að gera ekkert frekar í málinu. Vitnið kvaðst þá hafa óskað eftir því við nefndan Gunnlaug,

að Útvegsbankinn tæki að sér að gæta hagsmuna Landsbankans, og taldi vitnið, að nefndur Gunnlaugur hefði játað þessu.

Vitnið var sérstaklega spurt um það, hvort hér hafi verið um loforð að ræða af hálfu nefnds Gunnlaugs, og kvaðst vitnið ekki treysta sér til að fullyrða það. Þá sagði vitnið, að þegar þetta samtal hafi farið fram, hafi bæði stefnandi málsins og bróðir hans Óskar verið staddir hjá sér og því hlustað á, þegar vitnið hafi talað við nefndan Gunnlaug í síma.

Að því er þetta atriði varðar, hefur Gunnlaugur Björnsson skýrt svo frá, að hann muni eftir símtali þessu við Árna Jónsson. Hafi hann fyrst og fremst litið á þetta samtal sem spjall milli „kollega“. Ástæðan til þessa samtals hafi verið sú, að Útvegsbankinn hafi verið búinn að tilkynna Landsbankanum um það, að ekki væri allt með felldu í viðskiptum Friðriks Jörgensens, og í samtalinu hafi Árni verið með vangaveltur um það, hvort ekki væri rétt að taka farminn úr skipinu. Vitnið kvaðst ekkert hafa gefið út á það, hvorki til né frá. Hins vegar kvaðst vitnið hafa sagt Árna, að ekki væri allt með felldu í viðskiptum Friðriks Jörgensens, og jafnframt tjáð honum, að vitnið hefði aðvarað Friðrik Jörgensen og að Friðrik Jörgensen hefði lofað að bæta ráð sitt.

Kvaðst vitnið engu hafa lofað Árna í þessu sambandi, enda hafi það ekkert vald haft til þess að gefa slík loforð og enga aðstöðu til þess að fylgjast með því, á hvern hátt Friðrik Jörgensen ráðstafaði fé því, sem inn kæmi á hinn sérstaka „bundna reikning“. Sagði vitnið, að sér hafi komið það algerlega á óvart, þegar það hafi frétt síðar, að Árni hefði hermt upp á sig loforð í þessu sambandi.

Á hinn bóginn kvaðst vitnið persónulega hafa talið það líklegt, að á þessum tíma stæði Friðrik Jörgensen í skilum við hina smærri framleiðendur.

Vitnin Árni Jónsson og Gunnlaugur Björnsson voru samprófuð um símtal þetta, en frekara samræmi náðist ekki.

Vitnið Gunnlaugur skýrði nánar svo frá, að greiðslur þær, sem komi erlendis frá fyrir útfluttar afurðir, væru lagðar inn á sérstakan reikning útflytjandans hjá Útvegsbankanum. Reikningur þessi hafi verið nefndur „bundinn reikningur“, þar sem ekki hafi verið greitt út af reikningi þessum nema með sérstökum ávísunum, sem hafi verið yfirstimplaður „til banka vegna afurða“. Þessir reikningar hafi verið upp teknir á árinu 1964 til þess að aðskilja afurðareikninga frá annars konar almennum viðskipta-

reikningum, til þess að síður væri hætt á, að afurðaaandvirðið blandaðist saman við annað rekstrarfé útflytjenda. Síðan hafi það verið sett algerlega á vald útflytjenda að ráðstafa andvirðinu til sinna viðskiptavina, en þó einungis til greiðslu afurða.

Nánar hefur vitnið lýst þessu fyrirkomulagi svo, að þegar Friðrik Jörgensen hafi opnað hlaupareikninginn í Útvegsbankanum, hafi hann undirgengizt að hlíta þeim ákvæðum bankans að hafa hlaupareikninginn „bundinn“ með þeim hætti, sem að ofan er lýst.

Að öðru leyti hafi ekki verið neinir sérstakir samningar milli bankans og Friðriks Jörgensens í sambandi við hlaupareikning þennan.

Mikill fjöldi ávísana hafi borizt frá öðrum bönkum á hlaupareikning þennan og hafi þá ávísanir þessar verið ábaktar af þeim bönkum. Hafi Útvegsbankinn leyst slíkar ávísanir til sín, enda hafi þá Útvegsbankinn talið þeim reglum fullnægt, sem hann hafði sett.

Sagði vitnið, að skilagrein hafi fylgt frá Friðrik Jörgensen með ávísuninni til viðskiptabanka framleiðanda. Slík skilagrein hafi hins vegar ekki fylgt tékkanum, þegar Útvegsbankinn hafi leyst tékkann til sín með framsali frá öðrum banka. Sagði vitnið, að eftir því sem það bezt vissi, þá fylgdi að jafnaði greiðslum erlendis frá beiðni um, að tiltekin upphæð væri færð útflytjanda til tekna. Komi þessi beiðni til deildar þeirrar í bankanum, sem fari með gjaldeyrisráðgjafi. Bankinn geti ekki séð, fyrir hvaða afurðir sú greiðsla komi né hverjir framleiðendur eigi þær greiðslur, nema í undantekningartilfellum. Það sé einungis útflytjandinn, í þessu falli Friðrik Jörgensen, sem geti vitað þetta.

Stefndi hafi því ekki getað fylgzt með því lið fyrir lið, hvernig viðskipti Friðriks Jörgensens við viðskiptamenn hans stæðu. Hins vegar hafi bankinn lánað sumum framleiðendum peninga út á afurðir og hafi þá bankinn fylgzt með útskipun hér. Hafi óeðlilega langur tími liðið frá útskipun og þar til greiðsla hafi borizt inn á reikning framleiðanda hjá bankanum, þá hafi bankinn kvartað eða gert fyrirspurn til útflytjanda þar að lútandi.

Sagði vitnið, að með þessum hætti hafi bankinn orðið var við það, að óeðlilega langur tími hafi liðið, þar til greiðsla hafi borizt til eins framleiðandans, sem hafi verið viðskiptamaður Friðriks Jörgensens, og sé sú greiðsla raunar ekki komin enn.

Vitnið sagði, að þessa vitneskju hefði hann fengið um miðjan

nóvember 1966 og hafi það verið upphaf þess, að misferli Friðriks Jörgensens hafi komið upp.

Vitnið tók þá fram í þessu sambandi, að sér vitanlega hefðu framleiðendur ekki kvartað út af því, að greiðslur hefðu borizt seint fyrir útflyttar afurðir, og sagði vitnið, að framleiðendur hefðu frekar sótt eftir viðskiptum við Friðrik Jörgensen.

Þá skýrði vitnið frá því, að þegar greiðslur hefðu borizt erlendis frá, hefðu þær borizt í heild sinni inn á hinn „bundna hlaupareikning“. Ca. 15% af þessari fjárhæð hafi verið áætluð af bankanum sem kostnaður útflytjanda og hafi þessi fjárhæð, þ. e. 15%, verið færð inn á sérstakan reikning Friðriks Jörgensens honum til frjálstrar ráðstöfunar. Sagði vitnið, að Útvegsbankinn hefði ekki krafizt skilagreinar í því tilefni, nema útflytjandinn óskaði þess sjálfur. Á hinn bóginn upplýsti vitnið, að eftir að hann hafði fengið grun um misferli Friðriks Jörgensens í lok nóvembermánaðar 1966, hafi hann stöðvað greiðslur á hinn frjálssa reikning.

Þá lýsti vitnið því, að þegar fiskframleiðendur hafi verið viðskiptamenn Útvegsbankans, þá hafi greiðslur til þeirra farið fram með sama hætti og ella, þ. e. að Friðrik Jörgensen hafi ávísað af hinum bundna reikningi til sjávarútvegslánadeildar bankans eða útibúa hans.

Þá segir í vitnaskýrslunni, að af hálfu bankans hafi ekki verið gerður reki að því að fá að sjá útflytningsskýrslur og upplýsingar í þeim um farminn og önnur atriði. Bankinn hafi ekki haft neitt bókhald fyrir útflytjendur og hafi ekki fylgzt með útflytningi þeirra jafnóðum, heldur hafi þeim verið algerlega treyst að þessu leyti.

Í sumum tilfellum hafi þá útflytjandinn afhent bankanum farmskjölin og á þeim útflytningsskjölum hafi þá sézt, um hvaða farm hafi verið að tefla og með hvaða skipi farmurinn hafi farið, en ekki hafi sézt af skjölum þessum, hver hafi verið framleiðandi vörunnar, og hafi bankinn ekki gert sérstakan reka að því að finna út, hver væri framleiðandinn. Útflytjendur hafi heldur tregðazt við að láta farmskjölin fara í gegnum bankann bæði vegna þess, að útflytjendur hafi borið við afgreiðsluöf og kostnaðarauka.

Vitnið lýsti því, að hinn 23. nóvember 1966 hafi sérstakur endurskoðandi verið fenginn til þess að fara yfir bókhald Friðriks Jörgensens og hafi aðalskýrslur frá endurskoðanda þessum borizt bankanum 9. desember og 14. desember s. á. og í framhaldi af

þeim skýrslum hafi síðan bankinn kært meint misferli Friðriks Jörgensens til sakadóms Reykjavíkur þann 22. desember 1966. Af öðrum gögnum málsins sést, að þann 28. janúar 1967 hafi Útvegsbankanum verið tilkynnt, að sakadómur Reykjavíkur hefði lagt hald á bókhald Friðriks Jörgensens. Hafi þá bankinn tilkynnt Friðrik Jörgensen, að ekki yrðu innleystir tékkar á ofangreindan hlaupareikning, nema jafnframt væri sýnt fram á, að þeir væru ráðstöfun á andvirði afurða, sem þegar hefði verið greitt inn á reikninginn og eigi ráðstafað.

Þá sagði vitnið, að Friðrik Jörgensen hefði tekið sig til undir lokin og ávísað á hinn „bundna reikning“ fyrir miklu hærrí fjárhæð heldur en þar hafi verið til og þar á meðal hafi verið ávísun fyrir afurðir þær, sem í máli þessu greinir. Þeirri ávísun hafi Landsbankinn tekið á móti ásamt fleirum, en þó ekki tekið gilda sem greiðslu, enda muni þá Landsbankanum hafa verið kunnugt um það, að ekki væri til fyrir ávísun þessari. Sagði vitnið, að síðan hefði sér verið afhent ávísun þessi, ef vera kynni, að eitt-hvað bærst inn á hinn „bundna reikning“ Friðriks Jörgensens.

Vitnið kveður, að Útvegsbankinn hafi í lok janúar tilkynnt Friðrik Jörgensen, að tékkar af hlaupareikningnum yrðu ekki innleystir, nema jafnframt væri sýnt fram á, að þeir væru ráðstöfun á andvirði afurða, sem þegar hefði verið greitt inn á reikninginn og eigi ráðstafað, og hafi þessi tilkynning staðið í sambandi við hald sakadóms Reykjavíkur á bókhaldi Friðriks Jörgensens.

Vitnið skýrði svo frá, að þegar sá grunur hafi komið á kreik, að fjármál Friðriks Jörgensens væru í ólagi, hafi oft verið hringt í vitnið af ýmsum framleiðendum, og sagðist vitnið ekki geta munað nöfn einstakra manna í þessu sambandi. Hins vegar hafi það tjáð þessum mönnum það, að vitnið hafi átt tal við Friðrik og aðvarað hann og að Friðrik hefði lofað að standa í skilum. Kvaðst vitnið ekki hafa gefið neinar yfirlýsingar fram yfir þetta, þar á meðal hafi það ekki tilkynnt stefnanda máls þessa sérstaklega um það, að ekki væri allt með felldu í fjármálum Friðriks. Á hinn bóginn hafi Útvegsbankinn tilkynnt Landsbankanum um grun þennan, en Útvegsbankinn hafi talið það hlutverk Landsbankans að tilkynna síðan viðskiptamönnum þeirra um þetta.

Af vitnaskýrslum má ráða, að sami háttur hefur verið hafður á hjá Landsbankanum um „bundinn hlaupareikning“ og greiðslu tékka á reikning þennan. Þó er svo að sjá, að Landsbankinn hafi að minnsta kosti í flestum tilfellum eigi afhent útflytjanda til

frjálsrar ráðstöfunar ca. 15% til greiðslu kostnaðar vegna útflutningsumboðslauna o. fl., fyrr en skilagrein barst.

Oftlega hafi þetta verið í Landsbankanum með þeim hætti, að útflytjandi hafi sent bankanum tvo tékka samtímis, annars vegar tékka til greiðslu afurða til framleiðanda, en hins vegar tékka til greiðslu ýmiss kostnaðar, farmgjalda og fleira, en það fé hafi útflytjandi fengið til eigin ráðstöfunar. Hafi þá skilagreinin eða skýringar fylgt báðum tékkum þessum.

Vitnið Friðrik Jörgensen hefur skýrt frá því, að það hafi verið útflytjandi fyrir stefnanda máls þessa. Ekki hafi verið gerður neinn sérstakur skriflegur samningur við stefnanda um umboð vitnisins til þess að flytja út skreið.

Gagnvart hinum erlendu kaupendum sagðist vitnið hafa komið fram sem seljandi, en þó því umboði hafi verið hagað með þeim hætti, hafi kaupendur fylgzt mjög vel með framleiðslumerki.

Vitnið hefur lýst umboði sínu til að taka á móti greiðslum þannig, að allar greiðslur erlendis frá hafi komið á tvo hlaupareikninga í Útvegsbankanum.

Á annan hlaukareikninginn hafi komið 10—15% af fjárhæðinni og hafi sá hlaupareikningur verið frjáls og fjárhæðir á honum átt að standa straum af fraktgreiðslum, útflutningsgjöldum, umboðslaunum og fleiru.

Bókhaldari sinn hafi gefið bankanum skilagreinin yfir greiðslur, sem komið hafi erlendis frá, og beðið síðan bankann að færa 10—15% af þeirri fjárhfð yfir á hinn „frjálsa reikning“ og hafi það þá verið gert. Um „bundna reikninginn“ sagði vitnið, að ávísanir þær hafi verið yfirstimplaðar „til banka vegna afurðalána“ og hafi skilagreinin fylgt með þeim ávísunum frá vitninu, þegar þær ávísanir hafi verið seldar í viðkomandi banka.

Ekki kvaðst vitnið treysta sér til þess að segja um það að svo stöddu, hvernig á því standi, að greiðslur vanti nú á hinn „bundna hlaupareikning“.

Vitnið sagði, að áður en skreið sé seld erlendis, sé hún metin af ríkismatinu og sé merki eiganda vörunnar ávallt á pökkunum, þyngd og gæðamat.

Einnig sé þá á pökkunum merki kaupandans. Síðan gefi útflytjandinn vörunni sérstakt útflutningsnúmer og sé það útflutningsnúmer á öllum útflutningsskjölunum. Þegar greiðsla komi svo erlendis frá, þá sé það oftast svo, að útflutningsnúmer fylgi með greiðslunni.

Þá lýsti vitnið því, að um miðjan janúar 1967 hefði Gunn-

laugur Björnsson hringt í sig og beðið sig um að stíla allar ávísanir hér eftir á Útvegsbankann. Sé það skýringin á því, hvers vegna ávísunin í máli þessu sé stíluð á Útvegsbankann.

Hins vegar minnti vitnið, að það hefði verið í febrúar 1967, sem það hafi fengið bréf frá Útvegsbankanum, þar sem viðskiptum hafði verið sagt upp við vitnið í sambandi við sölumál, en ekki hafi verið minnt á hlaupareikningana einu orði sérstaklega.

Í málinu hefur verið lögð fram útskrift af hlaupareikningi Friðriks Jörgensens nr. 4895 hjá sjávarútvegslánadeild Útvegsbanka Íslands. Í athugasemdum deildarinnar við þann hlaupareikning segir meðal annars á þá leið, að við athugun á útskriftinni komi í ljós, að þann 28. janúar 1967 hafi verið innstæða á reikningnum kr. 184.168.82. Þann 3. febrúar 1967 hafi verið greiddar inn á reikninginn kr. 240.100.00 af Friðrik Jörgensen og hafi sú greiðsla verið talin vera hluti af andvirði afurða (freðsildarflaka) frá Fiskiðjunni h/f, Vestmannaeyjum, sem útskipað hafi verið 2. nóvember 1966 með Normandíe. Enginn tékki hafi borizt til greiðslu á þessum afurðum, en hins vegar hafi Sveinn Snorrason hæstaréttarlögmaður krafið bankann bréflaga um fé þetta.

Þann 3. febrúar 1967 hafi verið greiddar inn á reikninginn kr. 745.926.15 og hafi sú greiðsla komið frá Hambros Bank Ltd. og reynzt vera lokagreiðsla vegna skreiðarfarms, sem útskipað hafi verið með Rangá þann 2. desember 1966. Segir í athugasemdunum, að nú sjáist, að áður hafi verið greiddar inn á reikninginn frá Hambros Bank Ltd. vegna sama farms 7. desember 1966 kr. 605.695.50 og janúar 1967 kr. 742.822.45. Á móti þessari innborgun, þ. e. innborguninni 3. febrúar 1967, kr. 745.926.15, hafi Friðrik Jörgensen gefið út sex tékka, samtals að fjárhæð kr. 1.687.066.96, alla stílaða á Útvegsbanka Íslands, en hafi afhent þá eigendum afurðanna sjálfum. Þessir tékkar séu: 1. Tékki, útgefinn 7. marz 1967, að fjárhæð kr. 233.114.88, eigandi Miðnes h/f, Sandgerði, eftirstöðvar af skreið. 2. Tékki, útgefinn 15. marz 1967, að fjárhæð kr. 316.947.82, eigandi Jón Ingibersson, Ytri-Njarðvík. 3. Tékki, útgefinn 17. marz 1967, að fjárhæð kr. 142.637.32, eigandi Hreiðar Þorsteinsson, Garði, fyrir skreið. 4. Tékki, útgefinn 17. marz 1967, að fjárhæð kr. 265.829.61, eigandi Útvör h/f, Keflavík, fyrir skreið. 5. Tékki, útgefinn 20. marz 1967, að fjárhæð kr. 259.276.20, eigandi Útgerðarstöð Guðmundar Jónssonar, fyrir skreið. 6. Tékki, útgefinn 20. marz 1967, að

fjárhæð kr. 469.261.13, eigandi Jón Sæmundsson, Keflavík, fyrir skreið.

Enginn af þessum tékkum hafi verið greiddur, meðal annars vegna þess að bankinn hafi ekki talið það á sínu valdi, hverjir skyldu ganga fyrir, þegar svo standi á.

Þá segir enn í athugasemdunum, að þann 4. febrúar 1967 hafi verið greiddar kr. 159.408.00 inn á reikninginn frá Dresdner Bank AG, Bremerhaven. Fjárhæð þessi hafi reynzt vera heildargreiðsla á ufsaflökum, sem skipað hafi verið út með Selá þann 17. janúar 1967. Eigendum þessara afurða hafi verið greitt með þrem tókum, stíluðum á Útvegsbankann, útgefnum 6. febrúar 1967, samtals að fjárhæð kr. 136.152.00.

Þessir þrjú tékkar hafi verið innleystir 6. febrúar og andvirði þeirra ráðstafað inn á reikninga eigenda þeirra, enda hafi verið fullnægt þeim skilyrðum, að sýnt væri fram á, að þeir væru ráðstöfun á andvirði afurða, sem þegar hefði verið greitt inn á reikninginn og eigi ráðstafað.

Þann 21. febrúar 1967 hafi verið greiddar inn á reikninginn kr. 229.451.65 af Landsbanka Íslands f. h. Westminster Bank Ltd. Hafi þessi greiðsla reynzt vera hluti af andvirði loðnumjöls, sem skipað hafi verið út með Hermann Sif þann 26. maí 1967 frá Fiskimjölsverksmiðjunni h/f, Vestmannaeyjum. Enginn tékki hafi borizt frá Friðrik Jörgensen til greiðslu á þessum afurðum, en hins vegar hafi Sveinn Snorrason hæstaréttarlögmaður gert bréflaga kröfu til þess, að bankinn greiddi þessa fjárhæð til Fiskimjölsverksmiðjunnar h/f út af reikningnum. Ekki hafi þó verið talið hægt að verða við þeirri kröfu.

Þann 18. marz 1967 hafi verið innleystur tékki, sem Friðrik Jörgensen hafi gefið út 20. janúar 1967 til Sparisjóðs Norðfjarðar, að fjárhæð kr. 100.580.00. Við framvísun þessa tékka þann 7. febrúar 1967 hafi honum verið vísað frá, en með hliðsjón af því, að hann hafi verið gefinn út þann 20. janúar, þ. e. áður en reikningnum hafi verið lokað, þá hafi eigi verið talið stætt á frávísun tékkans.

Þann 22. marz 1967 hafi verið greiddar kr. 226.808.45 inn á reikninginn frá Hambros Bank Ltd. Þessi greiðsla hafi reynzt vera fyrir skreið, sem skipað hafi verið út með Selá 17. janúar 1967. Enginn tékki hafi borizt frá Friðrik Jörgensen á þetta fé.

Þann 27. desember 1967 hafi verið færðar til tekna á reikningnum kr. 41.653.51, sem séu vextir fyrir árið 1967.

IV.

Stefnandi reisir kröfur sínar í fyrsta lagi á loforði. Segir stefnandi, að hann hafi verið búinn að fá vísbendingu um, að varhugavert mundi vera að senda vöruna á vegum Friðriks Jörgensens með m/s Rangá þann 2. desember 1966, og hafi því talið rétt að taka vöruna úr skipinu, þegar það kæmi til Vestmannaeyja. Á vegum stefnanda hafi svo starfsmaður Landsbankans talað við Gunnlaug Björnsson, fulltrúa í sjávarútvegslánadeild Útvegsbankans, og spurt hann, hvort ekki væri rétt að stöðva skipið og fjarlægja farminn úr því. Fulltrúinn hafi hins vegar ekki talið það nauðsynlegt og lofað að gæta þess fjár, sem inn kæmi fyrir vöruna, og að greiða það ekki Friðrik Jörgensen. Stefnandi hafi treyst loforði Gunnlaugs og því látið hjá líða að taka vöruna úr m/s Rangá. Eftir að varan hafi verið seld og greidd af kaupendum, hafi bankinn greitt andvirði vörunnar beint til Friðriks Jörgensens án þess að skeyta um hagsmuni stefnanda og hafi þó bankanum verið kunnugt um ýmiss konar misferli Friðriks og vanskil og hafi raunar þegar verið búinn að kæra hann fyrir sakadómi, þegar bankinn greiddi honum hluta af andvirði vörunnar. Telur því stefnandi, að stefndi eigi sök á því, að Friðrik var greitt andvirði skreiðarinnar þrátt fyrir loforð í gagnstæða átt. Bankinn hafi þannig beinlínis orðið þess valdandi, að stefnandi hafi tapað andvirði vörunnar.

Í öðru lagi er málssóknin reist á því, að enda þótt ekki verði talið sannað, að stefndi hafi lofað að gæta fjár stefnanda, þá hafi bankanum allt að einu borið skylda til þess að gæta fjárens, þar sem bankanum hafi verið kunnugt um fjárhagsvandræði Friðriks.

Stefnandi heldur því fram, að Útvegsbankanum hafi þegar í nóvember verið orðið kunnugt um stórfellt misferli Friðriks Jörgensens gagnvart bönkum og öðrum viðskiptamönnum sínum, enda hafi bankinn kært Friðrik fyrir sakadómi Reykjavíkur þann 23. desember 1966. Þrátt fyrir þetta hafi bakinn greitt Friðrik verulegan hluta af andvirði farmsins, eftir að kæran hafði verið send.

Þá hefur stefnandi enn fremur bent á, að stefndi hafi einnig brugðizt skyldum sínum gagnvart Landsbankanum, þar sem stefnda hafi verið kunnugt um, að varan hafði verið veðsett í Landsbankanum.

Í hinum munnlega málflutningi hefur lögmaður stefnanda loks reist málssókn sína á skyldu stefnda sem greiðslubanka samkvæmt tékkalögum.

Stefnandi sé eigandi tékkans að fjárhæð kr. 316.947.82 og eigi henmtingu á að fá hann greiddan, meðan sé inni fyrir honum á hlaupareikningnum. Hafi bankinn enga heimild til þess að neita um greiðslu hans. Alla vega eigi stefnandi að fá greiddan einhvern hluta af tékkanum, því að sannað sé, að stefnandi eigi hluta að fjárhæð þeirri, sem nú sé inni á hlaupareikningnum.

Stefndi hefur mótmælt því, að hann eða einstakir starfsmenn hans hafi á nokkurn hátt komið í veg fyrir, að útskipun á skreiðinni þann 2. desember 1967 yrði stöðvuð, og hefur því sérstaklega verið mótmælt, að starfsmaður stefnda, Gunnlaugur, hafi gefið nokkurt loforð um að gæta andvirðis skreiðarinnar, þegar hún yrði greidd.

Grunsemdir stefnda um misferli Friðriks Jörgensens gagnvart bönkum og viðskiptamönnum hans geti engu breytt um bótaábyrgð stefnda. Þessar grunsemdir hafi ekki veitt stefnda neinn lagalegan rétt til þess að neita að greiða út andvirði tékka á afurðalánareikningi Friðriks Jörgensens, meðan einhver innstæða hafi verið fyrir hendi á þessum reikningi.

Þegar í ljós hafi komið, að grunsemdir stefnda um misferli Friðriks Jörgensens hafi virzt á rökum reistar, hafi stefndi sent yfirsakadómaranum í Reykjavík skýrslu um málið. Jafnskjótt og stefnda hafi verið tilkynnt, að bókhald Friðriks Jörgensens hefði verið tekið í vörzlu sakadóms Reykjavíkur, hafi stefndi hætt að greiða tékka, sem Friðrik Jörgensen hafi gefið út á þennan reikning.

Segir stefndi, að af þessu ætti að vera augljóst, að stefndi hafi hvorki með aðgerðum sínum né aðgerðarleysi bakað sér neina bótaskyldu gagnvart stefnanda.

Þá hefur stefndi mótmælt því, að honum hafi borið skylda til þess að innleysa tékkann. Hefur stefndi í því sambandi bent á, að tékkinn sé stílaður á Útvegsbanka Íslands, og þegar af þeirri ástæðu hafi því bankanum ekki borið skylda til þess að innleysa hann.

Því hefur áður verið lýst, að þær greiðslur, er bærust erlendis frá fyrir afurðir, sem Friðrik Jörgensen annaðist sölu á, voru lagðar inn á sérstakan „bundinn hlaupareikning“ hjá stefnda. Var réttur Friðriks Jörgensens til að ávísa á hlaupareikninginn nokkrum takmörkunum háður, svo sem áður segir. Ekki verður annað séð en að bankarnir hafi sjálfir átt frumkvæði að því að taka upp nefndan hlaupareikning, og að því er virðist í eigin bágu. Að öðru leyti virðast bankarnir, þar á meðal stefndi í máli

þessu, mjög lítið sjálfstætt eftirlit hafa haft með ráðstöfunum Friðriks Jörgensens á fé því, sem fært var á reikninginn. T. d. hélt stefndi greiðslum þeim, sem bárust, hvorki sérgreindum eftir framleiðendum né gerði hann sjálfstæðar athuganir á skilagreinum þeim, sem tékkunum fylgdu, þegar framleiðendum var greitt. Að því leyti sem slíkt eftirlit hefur þó farið fram, virðist það hafa verið framkvæmt til að gæta hagsmuna bankanna sem veðhafa. Er raunar svo að sjá, að það hafi orðið til þess, að grunur um misferli komst upp.

Ósannað er, að starfsmaður stefnda, Gunnlaugur Björnsson, hafi lokað að gæta þess fjár, er bærisk bankanum fyrir vöru þá, sem í málinu greinir. Með skírskotun til þess, sem að framan greinir, verður heldur ekki séð, að með öðrum hætti hafi verið komið svo fram af hálfu stefnda, að stefnanda hafi verið rétt að telja, að stefndi ábyrgðist, að til hans rynni það fé, sem í málinu greinir.

Áður hefur verið frá því skýrt, að starfsmenn stefnda fengu grun um misferli af hálfu Friðriks Jörgensens í lok nóvember 1966 og að stefndi kærði Friðrik fyrir meint misferli 22. eða 23. desember 1966 að fenginni skýrslu endurskoðanda um bókhald Friðriks hinn 9. og 14. desember 1966. Sú kæra leiddi til þess, að hald var lagt á bókhald Friðriks, og hætti stefndi þá að mestu leyti að greiða ávísanir á umræddan hlaupareikning Friðriks. Verður ekki fallizt á, að stefndi hafi á nokkurn hátt með athöfnum eða athafnaleysi stuðlað að vanefndum Friðriks við stefnanda, svo að skaðabótaskyldu geti varðað. Ber að hafa í huga, að stefnandi, sem mátti vera fullkunnugt um framangreinda tilhögun á greiðslum til Friðriks Jörgensens erlendis frá, gerði ekki viðhlítandi ráðstafanir, þá er tilefni gafst, til að tryggja rétt sinn, svo sem með samningum við kaupendur vörunnar, Friðrik Jörgensen sjálfan, viðskiptabanka sinn eða aðra aðilja.

Eigi hefur við rök að styðjast sú málsástæða stefnanda, að stefndi sé samkvæmt tékkalögum skyldur til að greiða stefnanda tékka þann, sem lagður er fram í málinu, þar sem tékkinn hefur ekki verið áritaður af stefnda, sbr. 25. gr. laga nr. 94/1933 um tékka, og stefndi hvorki samkvæmt því skyldur gagnvart stefnanda til greiðslu tékkans né eftir öðrum heimildum. Eigi leiðir heldur meðferð stefnda á nefndum tékka til neinnar bótaskyldu stefnda gagnvart stefnanda.

Eigi verður í máli þessu dæmt um, hver eigi það fé, sem er

á umræddum hlaupareikningi stefnda, enda er málssókn stefnanda ekki á þeim málsástæðum reist, að úr því þurfi að skera. Kemur það heim við það, að bú Friðriks Jörgensens var tekið til gjaldprotaskipta í skiptarétti Reykjavíkur þann 14. apríl 1967 og að stefnandi hefur lýst stefnukröfunni í máli þessu í búið.

Samkvæmt ofangreindu verða úrslit máls þessa þau, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnanda. Eftir atvikum þykir rétt að dæma stefnanda til að greiða stefnda kr. 22.000.00 í málskostnað.

Dóm þennan kvað upp Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, ásamt meðdómendum Bjarna Braga Jónssyni hagfræðingi og Gauki Jörundssyni lektor.

Dómsorð:

Stefndi, Útvegsbanki Íslands, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóns Ingiberssonar.

Stefnandi, Jón Ingibersson, greiði stefnda, Útvegsbanka Íslands, kr. 22.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 22. febrúar 1971.

Nr. 67/1970. **Matthías Gestsson**
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
gegn
Ljósmyndarafélagi Íslands
(Benedikt Blöndal hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ömerking. Heimvisun. Mistök í dómsýslu.

Dómur Hæstaréttar.

Ásmundur S. Jóhannsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. marz 1970. Hann gerir þær dómkröfur aðallega,